



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og barnamálaráðuneyti
Sölvhólsögötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 8. mars 2023

2303009SA KB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna, S 44/2023

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 24. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu, snemmtækur stuðningur o.fl.).

Um er að ræða breytingar á nokkrum lögum á málefnasviði mennta- og barnamálaráðherra sem allar tengjast setningu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 88/2021 (farsældarlög).

Sambandið hefur frá upphafi átt í góðu samstarfi við ráðuneytið um undirbúning, setningu og innleiðingu farsældarlaganna. Svo hefur einnig verið með umrætt frumvarp og gerir sambandið ekki efnislegar athugasemdir við ákvæði þess.

Í stefnumótun sambandsins fyrir árin 2022 – 2026 segir m.a.:

“Sambandið aðstoði sveitarfélögin við innleiðingu farsældarlaganna og vinni að því að nægilegt fjármagn frá ríkinu fylgi verkefninu til framtíðar.”


“Sambandið beiti sér fyrir virkum samstarfsvettvangi ríkis og sveitarfélaga við að innleiða samhæfða skólaþjónustu þvert á leik-, grunn- og framhaldsskólastig skv. aðgerðaáætlunum menntastefnu, byggðaáætlunar og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.”

“Sambandið vinni markvisst að því í samstarfi við ríkið að fjölga í starfsstéttum þeirra sérfræðinga sem vinna að stuðningi við börn, tryggja úrræði fyrir öll börn sem þurfa á stuðningi að halda og stytta biðlista eftir þjónustu.”

Sambandið styður því innleiðingu farsældarlaganna og einnig þá vinnu sem nú er í gangi varðandi heildstæða skólaþjónustu sem nefnd er í skýringum með frumvarpinu. Að mati sambandsins er afar mikilvægt að þessi tvö verkefni verði tengd saman og unnin samhliða til að koma í veg fyrir óskýrleika og tvíverknað. Þá verður samhliða breytingum á skólaþjónustu og innleiðingu farsældarlaganna að vinna markvisst að því að fjölga fagmenntuðu starfsfólki sem kemur að þjónustu við börn og tryggja þannig stuðning fyrir börn og stytta biðlista. Önnur aðgerð sem mun styðja við farsældarlögin er að tryggja sérhæfðari stuðning og úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda, í samræmi við fyrirbyggjandi tillögur um aðgerðir fyrir þann hóp. Til þess að það nái fram að ganga er nauðsynlegt að veita frekari

fjármunum til málaflokksins og leggur sambandið höfuðáherslu á að fjármagn fylgi þeim aðgerðum sem nauðsynlegt er að ráðast í til að markmið farsældarlaganna og væntanlegra laga um heildstæða skólaþjónustu nái fram að ganga. Það eru miklar væntingar um að þessi verkefni skili sér í bættri þjónustu við börn en til þess að svo megi verða verður að horfa heildstætt á verkefnið og tryggja því nauðsynlegar bjargir.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri